

Bókun Framsóknar og frjálsra vegna ársreiknings Akraneskaupstaðar fyrir árið 2022

Eitt af hlutverkum kjörinna bæjarfulltrúa er að tryggja ábyrgja fjármálastjórnun og uppfylla þau skilyrði sem okkur eru sett í lagalegum og siðferðislegum skilningi, um fjármál sveitarfélaga. Okkar hlutverk er einnig að viðhalda stöðugleika í fjármálum, sýna varkárni í útgjaldaaukningu og umfram allt vinna okkur nær sjálfbærri fjármálastjórnun.

Það er því erfitt og mikil vonbrigði að leggja fram til samþykktar ársreikning Akraneskaupstaðar með neikvæða rekstrarniðurstöðu vegna ársins 2022.

101 m.kr neikvæð rekstrarniðurstaða sem er 229,5 m.kr lakari en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og um 697 m.kr lakari en rekstrarniðurstaða ársins á undan. Framlegðarhlutfall ársins er neikvætt um 0,9% samanborið við 4,4% jákvætt hlutfall árið áður. Þetta gefur því miður ekki góða mynd af greiðsluhæfni sveitafélagsins og er undir viðmiðunarmörkum, en á það hefur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna þegar bent á.

Framundan er sameiginlegt verkefni allra bæjarfulltrúa þar sem fara þarf yfir fyrirhuguð verkefni og nýframkvæmdir ásamt forgangsroðun þeirra. Móta þarf betur hvernig við aukum tekjustofna sveitarfélagsins. Góð fjármálastjórnun er lykill að árangri og nú þarf að vanda vel til verka.

Árið 2021 ákvað Akraneskaupstaður að farið yrði í úttekt á rekstri og stjórnsýslu kaupstaðarins með aðstoð KPMG. Við þurfum fyrir það fyrsta að ljúka þeirri vinnu og byggja næstu skref á henni.

Velta þarf við öllum steinum svo rekstur bæjarsjóðs verði ekki ósjálfbær til lengri tíma. Draga þarf úr þeim mikla útgjaldaþexti sem varð á milli ára, vöxtur upp á 1243 m.kr eða 13,4% á sama tíma og tekjur vaxa um 662 m.kr eða 7%.

Hlutfall launagjalda af rekstrartekjum bæjarsjóðs hefur lengi vel verið hátt í bókum kaupstaðarins. Á árinu 2022 var þetta hlutfall það hæsta sem þekkist á meðal sveitafélaga hér á landi eða 71% og hefur aldrei verið hærra. Launagjöld hækkuðu um 710 m.kr. á milli ára en þar munar mest um töluverða fjölgun starfsmanna.

Akranes er samfélag í sókn, það sést vel á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun. Lokið var við stór verkefni á árinu á meðan önnur hófust. Áætlunina þarf að yfirfara og forgangsraða en á sama tíma tryggja að kaupstaðurinn sé í stakk búinn til þess að mæta áframhaldandi fjölgun íbúa og standa vörð um þá góðu innviði og þjónustu sem stofnanir bæjarins veita íbúum og fyrirtækjum.

Það er okkar von að nú sé ákveðnum botni náð. Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra leggja áherslu á að sú vinna sem framundan er, sé sameiginlegt verkefni allra bæjarfulltrúa og ítreka mikilvægi þess að allir bæjarfulltrúar séu tilbúnir til þess að koma að borðinu og mæta þeim stóru verkefnum og ákvörðunum sem framundan eru.

Ragnar Sæmundsson

Ragnar Sæmundsson

Liv Aase Skardstad

Liv Aase Skardstad

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir

Sædis Alexía Sigurmundsdóttir